

1856.

23. apríl.

### 9. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norð-ur- og austur-umdæminu um verzlunar-skýrslur<sup>1</sup>.

Útaf fyrirspurn frá sýslumanninum í Norðurmúla sýslu viðvíkjandi því, hvort hinar lögboðnu ársskýrslur um verzlunina framvegis eigi sér stað eptir að lög 15. apríl 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi hafa fengið gildi, hefir herra amtmaðurinn í þóknanlegu bréfi 2. febrúar þ. á. látið þá meiningu í ljósi, að tæðar skýrslur, þrátt fyrir ákvarðanir nýnefndra laga um að afhenda vöru- og tollskrár, sé nýtsamar bæði hvað landshagi snertir og af öðrum ástæðum, og hafid þer beðið um nákvæmari vísbending stjórnarráðsins í þessu efni.

Um þetta efni vil eg ekki láta hjá líða að skýra yður frá til eptirbreytni og frekari auglýsingar fyrir hlutaðeigendum, að stjórnarráðið að öllu fellst á meiningu þá, sem þer hafid látið í ljósi, nefnilega að framvegis skuli á ári hverju senda ofanefndar skýrslur.

28. apríl.

### 10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norð-ur- og austur-umdæminu um bæjarstjórn á Akureyri o. s. frv.

Herra amtmaðurinn hefir í þóknanlegu bréfi 17. janúar þ. á. sent beiðni frá innbúum Akureyrar um, að bærinn fái bæjarstjórn sér og sé skilinn frá Hrafnagils hrepp, hverjum hann hingaðtil hefir verið sameinaður; en sýslumaður Briem hefir sagt álit sitt um þetta efni.

Um leið og eg sendi yður eptirrit af ofanefndri beiðni, læt eg ekki hjá líða að tilkynna yður til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsingar, að stjórnarráðið nú sem stendur ekki getur látið nokkra vissa meiningu í ljósi um framkvæmd hins umgetna fyrirtækis, þar ekki hefir verið lagt niður, hvernig haga

1) Sama dag var bréfi amtmannsins í vestur-umdæminu um sama efni svarað á sömu leið.